

Reykjavík, 6. maí, 2021

Umsögn Öldu um 663. mál, 151. löggjafarþingi
– um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað

Alda lýsir yfir eindregnum stuðningi við þetta frumvarp. Það er óverjandi og skapar auk þess andlýðræðislegt ójafnræði að láta skattgreiðendur bera kostnað af endurkjörbaráttu sitjandi þingmanna.

Félagið hvetur Alþingi jafnframt til að lögfesta árlegt heildarhámark á öllum endurgreiðslum og öðrum aukagreiðslum utan þingfararkaups, enda hafa slíkar greiðslur í sumum tilvikum verið fram úr hófi. Slíkt hámark er í gildi víða í samfélaginu og engin ástæða til að undanskilja þingmenn.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Sævar Finnbogason, stjórnarmaður
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður